HÚSAKÖNNUN

Stykkishólmur

Deiliskipulagssvæði: austan Aðalgötu

STYKKISHÓLMSBÆR

Höfundar

Húsakönnun þessi var unnin árin 2020 og 2021 að beiðni bæjarstjórnar Stykkishólms vegna vinnu við tillögu að deiliskipulagi við miðbæinn, austan Aðalgötu.

Húsakönnunin var unnin af Sigurði Grétari Jónassyni aðstoðarmanni skipulags- og byggingarfulltrúa.

Auk þess komu að vinnunni Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir arkitekt FAÍ og skipulagsfulltrúi og Bæring Bjarnar Jónsson arkitekt FAÍ hjá Glámu Kím, en hann er einnig höfundur deiliskipulagstillögunnar.

Staðist var við eftirfarandi upplýsingar:

Hús og vatnsbrunnar í Stykkishólmi á fyrri hluta 20. aldar, eftir Braga Jósepsson, Sem kom út hjá bókaútgáfunni Mostraskegg árið 2004

Húsakönnun Stykkishólmi, eftir Hörð Ágústsson, sem unnin var með styrk frá Húsafriðunarnefnd, Skipulagsstjóra ríkisins og Stykkishólmshreppi.

Fasteignamöt áranna 1897, 1906, 1930, 1933 og 1940.

Teikningar í skjalasafni Stykkishólmsbæjar.

Auk þess voru upplýsingar fengnar hjá:

Ægi Breiðfjörð Jóhannsyni

Ásgeiri Gunnari Jónssyni

Hrafnkeli Alexandersyni

Bergi Hjaltalín

Jónasi Sigurðssyni

Eyþóri Benediktssyni

Ólafi Kr. Ólafssyni

Sæþóri Þorbergssyni

Höfundar kunna þeim bestu þakkir fyrir.

Forsíðumynd sýnir hluta könnunarsvæðis, eftir Sumarliða Ásgeirsson

Mynd 1. Könnunarsvæðið er rautt á myndinni

INNGANGUR

Hér birtist húsakönnun fyrir miðbæ Stykkishólms, austan Aðalgötu, sem unnin er í tengslum við deiliskipulagsvinnu.

Könnunarsvæðið nær yfir hluta Víkurgötu, Aðalgötu og Austurgötu sbr. yfirlitsmynd.

Við gerð húsakannana eru hús skráð og varðveislugildi metið. Niðurstöður þessara húsakannana eru notaðar til þess að marka stefnu um vernd eða friðun til framtíðar. Tilgangur húsakönnunar er „að fá yfirsýn yfir sögu og þróun byggðar í bæjum og í sveitum og leggja mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja og eftir því sem við á götumynda og þyrpinga húsa.“ (Heimild : Minjastofnun Íslands: „Húsaskráning – Huginn - Húsakönnun“. Leiðbeiningarit. Minjastofnun Íslands 2019)

Húsin á athugunarsvæðinu hafa í einstaka tilvikum ákveðið gildi fyrir götumynd, göturými og umhverfi sitt og gegna hlutverki í því tilliti. Þau eru öll hluti af mótaðri byggð. Byggingarár húsa eru tilgreind samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár. Ártöl þarf þó að taka með ákveðnum fyrirvara, þar sem skráningum um byggingarár sem tilgreint er í fasteignaskrá Þjóðskrár ber ekki alltaf saman við önnur gögn. Eins er í einstaka tilvikum óljóst hvort tilgreindir höfundar húsa eru höfundar upphaflegra teikninga.

SAGA OG ÞRÓUN BYGGÐAR

Könnunarsvæðið byggðist upp ár árunum 1878-1966, en ekkert deiliskipulag hefur verið gert fyrir svæðið fyrr en nú.

Aðalgatan er elsti hluti svæðisins, en Narfeyrarhús, gamla kirkjan og gamla sýsluskrifstofan (Læknishús) eru öll byggð fyrir 1910. Áður stóðu þrjú önnur hús á þessu svæði, Möllershús, gamla pósthúsið og svokallað Lovísuhús.

Þegar pósthúsið (Aðalgata 5) var byggt, var Möllershús flutt að Skúlagötu 15 og eftir að byggingu hússins var lokið, var gamla pósthúsið gefið Lionsklúbbi Stykkishólms, og flutt að Frúarstíg 2. Seinna var Lovísuhús brennt.

Víkurgata byggist að mestu upp á árunum eftir aldamótin, en húsin sem standa austan Víkurgötu eru flest mikið breytt frá því sem fyrir var, og hafa verið stækkuð eftir því sem þörf hefur krafist.

Við Austurgötu er blanda af íbúðarhúsnæði og iðnaði, en sá hluti götunnar sem hér um ræðir byggðist upp á árunum 1930 til 1967.

Árið 1978 gerði Hörður Ágústsson fyrstu húsakönnunina fyrir miðbæinn og þróun Stykkishólms. Í húsakönnun Harðar segir m.a.:

„Stykkishólmur liggur yst á hinu fornfræga Þórsnesi í eins konar viki eða vík milli tveggja ásdraga sem ganga í sjó fram og nefnast höfðar í munni heimamanna. Skammt undan landi lokar svipsterk stuðlabergseyja útsýni til norðurs og myndar gott skjól, Súgandisey, en milli hennar og víkurinnar er klapparhólmi, Stykkið, sem staðurinn er viðkenndur. Uppaf fjöruvikinu loka höfðarnir þríhyrnulagaðri kvos í austur og vestur.

Í Stykkishólmi er er víðsýni mikið „fögur breiðfirsk útsýn“ eins og Helgi Hjörvar orðar það, „eyjar og varphólmar hið næsta en fjöll allt í fjarska“. Hvorki réðu útsýnið eða fegurðarsjónamið staðarvali í upphafi, heldur hagsýnin ein. Í sundinu milli lands og eyjar eru nefnilega hin ákjósanlegustu hafnarskilyrði. Höfnin er upphaf og líftaug þessa forna breiðfirska höfuðstaðar. Á fjörukambinum upp af henni stendur vagga Stykkishólms. Á lóðinni umhverfis Clausenshús mun byggð einokunarkaupmanna hafa verið í öndverðu. Í lok átjándu aldar og upphafi þeirrar nítjándu tekur byggðin að þokast austur kambinn. Síðar upp með vestri höfðanum á báða vegu og upp á hann. Í lok aldarinnar færist hún einnig út á þann vestri höfðann. Eftirtektarvert er hversu sjálf kvosin byggist seint. Skýringin á því er eflaust sú, að Árni Thorlacius, sem átti Grunnasundsnes, þar með talið landið undir kauptúninu, nýtti kvosina sem tún fyrir búskap sinn meðan hann lifði.

... ...Ef marka má skýrslu um íbúafjölda í Stykkishólmi gerða eftir manntölum og upplýsingum Hagstofunnar sýnist fullur þungi vera á vexti Stykkishólms fram til 1920, en þá slaknar á og fólki tekur að fækka. Það er ekki fyrr en um 1950 að fólksföldinn verður meiri en árið 1920.“ (Hörður Ágústsson, 1978)

„Núverandi byggð nær eftir strandlengjunni frá Dauðsmannsvík í austri að [nýskipulögðu] svæði við Nónvíkina í vestri. Sunnan við Nónvíkina er athafnarsvæðið við Hamraenda. [Stærð byggðs lands er 89,5 ha]. Göturnar Lágholt, Sundabakki og Árnatún byggjast að mestu á árunum 1960-1975. Flatarhverfið er byggt á árunum 1974-1980. Ás og Neshverfi frá 1980.“ (Bæring Bjarnar Jónsson, 2001)

Nýjustu hverfi bæjarins eru við Nónvíkina og á Sæmundarreit á Ytrihöfða.

Hönnuðir

Ekki er vitað um hönnuði allra húsanna, en Gamla kirkjan er hönnuð af Helga Helgasyni, forsmiði, sem meðal annars hannaði Sjálfstæðishúsið í Reykjavík. (Thorvaldsensstræti 2 | Reykjavík | Minjastofnun, án dags.).

Teiknistofan Ármúla og Gísli Halldórsson, arkitekt, teiknuðu pósthúsið, en Gísli teiknaði meðal annars Lögreglustöðina í Reykjavík. Gísli þykir einn besti fulltrúi funkisstefnunar á Íslandi, auk þess að hafa sérstakan sess sem íþróttaarkitekt, sá fyrsti á Íslandi. (Mörður Árnason, 2017)

Siggeir Ólafsson, smiður, teiknaði Víkurgötu 1. Sigurður Siggeirsson, slökkviliðsstjóri, teiknaði rafstöðina.

Óskar Sveinson arkitekt hjá embætti Húsameistara ríkisins teiknaði sundlaugina

Upprunaleiki – breytingar

Mikið hefur verið um breytingar á húsum. Á nokkrum stöðum hefur þökum og yfirborðsefnum veggja verið breytt. Nokkur hús hafa verið stækkuð. Nokkur vönduð hús hafa varðveist með upprunalegu lagi og stíleinkennum, og verið vandað til viðhalds og varðveislu. Einkum á þetta við Narfeyrarhús, Aðalgötu 7 og Gömlu kirkjuna. Slík hús eru ótvírætt með listrænt gildi, sem sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi er mat lagt á fimm þætti: Byggingarlist eða listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalega gerð og tæknilegt ástand. Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun. Byggingarlist er m.a. mat á hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt því að skoða samspil forms, efnismeðferðar og notagildis. Matið er miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið fer fram og er þá lagt mat á þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu í gegnum tíðina. Einnig er metið hvort um er að ræða tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við byggingartíma hússins. Menningarsögulegt gildi byggir m.a. á því hvort sögufrægir atburðir og/eða persónur tengjast húsinu eða að það standi á sögufrægum stað. Umhverfisgildi er m.a. metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götumynd eða hverfi og færð rök fyrir mikilvægi þess í umhverfi sínu. Jafnframt er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki. Upprunaleg gerð hússins er metin út frá því hvernig hún hefur varðveist í gegnum árin og reynt að leggja mat á hvernig til hefur tekist með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar á húsinu og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins eða húsið í heild sinni. Varðveislugildi hússins er síðan metið út frá þessum þáttum, en hafa ber í huga að mat á byggingarlist, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Taka skal fram að mat á varðveislugildi húsa eða byggðar verður alltaf huglægt mat sem aldrei er hafið yfir gagnrýni eða vafa. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats á því og breytt varðveislugildi þess.

Niðurstöður varðveislumats

Á athugunarsvæðinu er eitt friðlýst hús, og fimm friðuð á grundvelli aldurs.

Á kortinu hér að neðan má sjá þau hús sem eru friðlýst og friðuð.
Friðlýst hús eru merkt með bláum lit.
Friðuð hús (100 ára og eldri) eru merkt með fjólubláum lit.



Mynd 2. Verndarflokkar húsa og mannvirkja samkvæmt lögum um menningarminjar.

Friðlýst hús

Eitt friðlýst hús er að finna á athugunarsvæðinu; Aðalgata 3A, Gamla kirkjan, hönnuð af Helga Helgasyni forsmiði í Reykjavík. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Óheimilt er að raska húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands séu þau friðlýst. Kirkjunni eru gerð skil á heimasíðu Minjastofnunar sbr. eftirfarandi slóð:

https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vesturland/nr/485 (Minjastofnun Íslands, án dags.)

Varðveisluverð heild

Í húsakönnun Harðar Ágústssonar segir m.a.:

„Við byrjun eystri slóðans út úr kauptúninu, sem nú heitir Aðalgata, standa enn þrjú hús, Egilsenshús, Narfeyri og Kirkjan, leifar húsaþyrpingar, sem þar myndaðist fljótt og teygði sig suður með Aðalgötu, en eru nú flest horfin.“ (Hörður Ágústsson, 1978)

Narfeyri og kirkjan eru innan skipulagssvæðisins austan við Aðalgötu en Egilsens hús fellur undir deiliskipulag miðbæjar ásamt mörgum af eldri húsum bæjarins.

Vert er að skoða verndunargildi húsa, húsaþyrpingar með hverfisvernd í huga þegar að húsakönnun verður unnin fyrir miðbæjarsvæðið í heild sinni.



Mynd 3. Verndarflokkar sem lagt er til að settir verði í deiliskipulag með hverfisvernd.

Varðveislugildi

Flest húsanna eru metin með miðlungs varðveislugildi, en þau eru öll hluti af mótaðri byggð. Nokkur hús eru metin með hátt varðveislugildi, en það eru hús sem hafa sérstakt varðveislugildi vegna byggingar og menningarsögu svæðisins; Aðalgata 3, Aðalgata 3A og Aðalgata 7.

Á kortinu hér að neðan má sjá varðveislumat húsa á könnunarsvæðinu.
Hús með hátt varðveislumat eru merkt með svörtum lit.
Hús með miðlungs varðveislumat eru merkt með gráum lit.



Mynd 4. Varðveislumat húsa og mannvirkja.

Heimildir:

Bæring Bjarnar Jónsson. (2001). *Stykkishólmur - Aðalskipulag.* Reykjavík: Stykkishólmsbær.

Hörður Ágústsson. (1978). *Húsakönnun Stykkishólmi.* Reykjavík: Unnin með styrk frá Húsafriðunarnefnd, Skipulagsstjóra ríkisins og Stykkishólmshreppi.

Minjastofnun Íslands. (án dags.). Sótt frá Stykkishólmskirkja | Vesturland | Minjastofnun: https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vesturland/nr/485

Mörður Árnason. (25. Október 2017). *Gísli Halldórsson - In memoriam*. Sótt frá Mörður Árnason: https://blog.dv.is/mordur/2012/10/17/gisli-halldorsson-in-memoriam/

Thorvaldsensstræti 2 | Reykjavík | Minjastofnun. (án dags.). Sótt frá Minjastofnun Íslands: https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/779

Byggingarár: 1906 Aðalgata 3 Narfeyrarhús

Fyrsti eigandi: Frú Málfríður Möller
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Verslun

Aðalgata 3 um 1900

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Annað	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Ris / Reykháfur / Kjallari	Einlyft / Kvistir / Ris / Svalir / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:		Hönnuðir breytinga:
1935	skipulagi breytt og herbergi komin í áfastann skúr (stigahús í dag).	
1996	Húsið enduruppgert sem næst uppranalegu útliti.	
2000	Veitingastaður á neðri hæð. Íbúð á efri hæð. Kjallari starfsfólk + óráðstafaður	Jon Nordstein og Ólöf Flygering, arkitekt
2002	Nýtt stigahús. Veitingasalur á efri hæð	Bæring Bjarnar Jónsson, arkitekt
2016	Viðbygging Eldhús.	Bæring Bjarnar Jónsson, arkitekt

Saga:

Aðalgata 3 var upphaflega byggt sem íbúðarhús en ýmis starfsemi hefur verið í húsinu í gegnum tíðina.

Húsið var reist árið 1906 fyrir Málfríði Möller sem var þá ekkja Möllers apótekara. Fyrsti eigandi lóðarinnar samkvæmt veðmálabókum er A. Lorange, tengdasonur hennar.

Guðmundur Jónsson frá Narfeyri eignaðist húsið 1922 en það er ekki fyrr en um miðja tuttugustu öld að húsið fær nafnið Narfeyrarhús.

Árið 1955 kaupir Lárus Guðmundsson húsið af föður sínum og árið 1957 kaupir Kaupfélag Stykkishólms Húsið.

Á meðan að KST á húsið var það notað sem sjoppa, vörugeymsla, Leikfélagið Grímnir hafði afnot af húsinu og einnig var vöruafgreiðsla í húsinu.

1985 Kaupir Arnaldur Árnason húsið. Hann bjó á efri hæðinni og rak billjardstofu á neðri hæðinni.

Frá 1990-1996 var ýmis rekstur í húsinu. Meðal annars hárgreiðslustofa og tískuvöruverslun.

Árið 1996 festa Baldur Þorleifsson hjá Narfeyri ehf og Þorkell Þorkelsson kaup á húsinu og gerðu upp í upprunalegt horf.

Ingibjörg Björnsdóttir keypti húsið 1999 og kom á fót kaffihúsi á neðri hæðinni en bjó sjálf á efri hæðinni.

Árið 2001 keyptu, Sæþór H. Þorbergsson matreiðslumaður og Steinunn Helgadóttir, Narfeyrarstofu og gerðu að veitingahúsi á báðum hæðum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Norskt-íslenskt timburhús undir sveitseráhrifum
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eitt af elstu húsum bæjarins og hefur sögulegt gildi hvað við kemur verslun og búsetu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af merkri timburhúsaþyrpingu staðarins.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Á elsta hlutanum sem snýr að götu sem hefur haldist lítið breyttur í gegnum árin og er mikilvægur hluti af bæjarmyndinni
Tæknilegt ástand:	Hátt	Hefur verið endurgert og haldið við í áratugi.
Varðveislugildi:	Hátt	Hátt varðveislugildi vegna byggingarlistar og menningarsögu umhverfis
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti	

Byggingarár: 1878 Aðalgata 3A Gamla kirkjan

Fyrsti eigandi: Stykkishólmsprestakall
Hönnuður: Helgi Helgason, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Nýklassískt hús

Upphafleg notkun: Kirkja
Núverandi notkun: Kirkja

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Steinskífur	Steinskífur
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Turn / Útitröppur	Einlyft / Turn / Útitröppur

Helstu breytingar:

1880 Turninn spónarklæddur

1899 Bárujárn sett á þakið og turninum líklega breytt á sama tíma

1940 Austurgaflinn múrhúðaður.

1951 Rafhitun sett í kirkjuna. Bekkir breikkaðir.

1993 Kirkjan sett í upprunalegt horf. Framkv. lauk árið 1998.

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Kirkjan var byggð fyrir Stykkishólmsprestakall árið 1878. Vesturgaflinn var þá íklæddur láréttri tinmburklæðningu, en norður-, austur og suðurhlið ásamt turninum klæddir listasúð. Á þakinu voru steinskífur. Árið 1880 var turninn spónklæddur. Bárujárn var sett á kirkjuþakið 1899 og turninum líklega breytt um leið í stíl við turn dómkirkjunar í Reykjavík.
Ofn var settur í kirkjunar 1911 og autstugaflinn múrhúðaður um 1940. Árið 1951 var sett rafhitun í kirkjuna, bekkir breikkaðir og kirkjan öll máluð að utan og innan. Kirkjan var aftur máluð að utan og innan 1963 og gert við skemmdir á turninum.
Undirbúningur að smíði nýrrar kirkju var í Stykkishólmi hófst 1968 og árið 1990 var nýja kirkjan tekin í notkun.

Viðgerðarvinna hófst haustið 1993 undir leiðsögn Hjörleifs Stefánssonar. Og strax var ákveðið að kirkjan skyldi færð í uppranalegt horf að utan.
Í fyrsta áfanga var auturgafl kirkjunar lagfærður. Árið 1995 var viðgerðum haldið áfram og í þeim áfanga var gert við suðurhliðina.

Árið 1997 var járnklæðningin rifin af turninum. Í ljós kom að upprunnalegi turninn var undir járninu, og var upphaflega grindin sem næst ófúin. Þá var ákveðið að hann skyldi standa.

Endurgerð kirkjunar lauk árið 1998 og er hún mikilvægur hluti af umhverfi og sögu Stykkishólms.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Einföld timburkirkja
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Er með elstu húsum í bænum og hluti af sögu bæjarins
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af elstu timburhúsaþyrpingu bæjarins við Aðalgötu
Upprunalegt gildi:	Hátt	Kirkjan hefur haldið upprunalegu gildi sínu
Tæknilegt ástand:	Hátt	Endurgerð var lokið 1997 og hefur kirkjunni verið vel haldið við síðan.
Varðveislugildi:	Hátt	Vegna byggingar og menningarsögu og umhverfis
Verndarflokkar:	Friðlýst hús - blár litur á korti	

Fyrsti eigandi: Póstur og sími
Hönnuður: Teiknistofan S.F./Sig. ÁM, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Pósthús
Núverandi notkun: Skrifstofuhúsnæði

Mynd tekin um 1986

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	múrað	Múrað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:		Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Útitröppur / Kjallari	Tvílyft / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Gamla pósthúsið við Aðalgötu er steinsteypt tveggja hæða hús byggt árið 1966. Póstur og sími hafði starfsstöð sína í húsinu til fjölda ára. Eftir að pósturinn flutti starfsemi sína í nýtt húsnæði, árið 2007, hefur húsið hýst skrifstofur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Tvílyft hús með módernísk einkenni
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Var byggt sem pósthús með íbúð á efri hæð.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af gömlu götumyndinni
Upprunalegt gildi:	Hátt	Hefur haldið upprunna sínum
Tæknilegt ástand:	Hátt	Hefur fengið viðhald í gegnum árin
Varðveislugildi:	Hátt	Vel við haldið steinsteypuhús. Þjónaði bæjarbúum sem pósthús í áratugi.

Verndarflokkar:

Byggingarár: 1896 Aðalgata 7 Gamla sýsluskrifstofan

Fyrsti eigandi: Davíð Scheving Thorsteinsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Þjónusta

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Járnvarið	Bárujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr
Útlit:	Einlyft / Kvistir / Portbyggt / Ris / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Kvistir / Ris / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
1947 Viðbygging við suðurenda hússins 8,6x6x4m.	Björgvin Rögnvaldsson, arkitekt
1960 Byggt við suðaustur hluta hússins. Stærð 5,8x10,65m	H.K

Saga:

Aðalgata 7, Stykkishólmi, - Læknishúsið - var byggt 1896 fyrir Davíð Scheving Thorsteinsson lækni og gekk það áður undir nöfnunum Læknishúsið, Breiðablik og loks Sigurhæðir. Í dag er talað um Sýsló eða gömlu sýsluskrifstofuna.

Þegar Davíð Scheving lét af störfum flutti Guðmundur Guðmundsson læknir í húsið.

Upp úr 1930 flutti Jón Steingrímsson, sýslumaður, í húsið en það var bæði íbúðarhús og skrifstofa sýslumannsembættisins.

Úr húsnæðinu fluttist heimili sýslumanns 1978 og til ársins 2000 hýsti húsnæðið, með síðari viðbyggingum (1947 og 1960), einungis skrifstofu sýslumanns.

Eftir að sýsuskrifstofan fluttist í nýtt húsnæði keypti Gullver sf. húsið og var það notað sem íbúðarhús.

2013 kaupa Ragnar Már Ragnarsson og Þórný Alda Baldursdóttir húsið og gera þau húsið upp í upprunnalegri mynd. Viðarklæðning var sér smíðuð eftir upprunnalegri klæðningu og gluggar teiknaðir eftir elstu heimildum.

Árið 2017 kaupir Gistiver hf húsið og breytir því í gistihúsið "Sýsló" sem opnar 2018.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Hátt	Tvílyft reisulegt timburhús með norsk-íslenskum sveitseráhrifum
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Kemur víða við í sögu bæjarins
Umhverfisgildi:	Hátt	Er stæðilegt timburhús. Stendur hátt og er áberandi í bæjarmyndinni.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Hátt á eldri húshlutanum. Var endurgert í sinni upprunnalegu mynd fyrir um 7 árum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand nokkuð gott
Varðveislugildi:	Hátt	Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar uppruna og menningarsögu
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti	

Byggingarár: 1928 Austurgata 2 KST

Fyrsti eigandi: Ísfélag Stykkishólms
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Iðnaður

Austurgata 2 um 1945

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Bárujárn	Bára og steinsteypt
Þakgerð:		Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:		Steinsteypt
Útlit:		Einlyft / Tvílyft

Helstu breytingar:

1932 Viðbygging, 25x7 metrar og 2,5 metrar að hæð, austan við húsið.

1943 Steinsteypt viðbygging austan við húsið. 25x7 metrar og 2,5 metrar að

1955 Viðbygging við norðauturhluta hússins. Frystiklefar og vélasalur

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Fyrsti hluti Austurgötu 2, á horni Austurgötu og Aðalgötu, var frystihús sem byggt af Íshúsfélagi Stykkishólms árið 1928.

Það hús var járnavarið timburhús. Grunnflöturinn var 11,25x16,6 metrar og hæðin 2,5 metrar (fasteignamat 1933)

Árið 1932 keypti Kaupfélag Stykkishólms (KST) húsið og hóf byggingu á fyrstu viðbyggingunni (sláturhús og vélaskáli) sama ár.

Sú bygging var 25x7 metrar og 2,5 metrar að hæð, og er fyrir austan upprunnalega húsið (með fram Austurgötunni og sundlaugarstígnum).

Árið 1943 var "flökunarhúsið" byggt. Sú bygging er steinsteypt og var byggð sunnan við þær byggingar sem fyrir voru.

Á árunum 1955-1957 voru norðausturhlutinn (viðbygging frá 1932) og hluti af "flökunarhúsinu" rifnir og byggð var ný bygging á tvemur hæðum við austurhluta hússins. Eru það að mestu frystiklefar, en einnig er vélasalur í byggingunni.

Kaupfélagið seldi húsið til Sæborgar hf.

Sigurður Ágústsson hf. keypti húsið um miðjan 10. áratuginn og er enn með fiskvinslu í húsinu árið 2020.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Fjórar samsettar byggingar í mismunandi formi
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hluti af athafnarsögu bæjarins
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Tengist atvinnustarfsemi í götunni
Upprunalegt gildi:	Lágt	Hefur tekið breytingum í gegnum árin og stækkað frá því að vera einföld timburskemma.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ytra byrði þokkalega við haldið
Varðveislugildi:	Miðlungs	Miðlungs varðveislugildi vegna tengingar við iðnsögu bæjarins

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Stykkishólmshreppur
Hönnuður: Sigurður Sigurgeirsson, slökkvistjóri
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Íbúð / Iðnaður

Mynd tekin um 1950

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað	Bára og hraunað
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur	Tvílyft / Reykháfur

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið var byggt árið 1945 fyrir Stykkishólmshrepp sem rafstöð, slökkvistöð og íbúð fyrir rafstðvarstjóra.

Það er teiknað af Sigurði Sigurgeirssyni, þáverandi slökkviliðsstjóra, en byggingameistari var Marteinn Sívertsen.

Slökkvistöðin var flutt úr húsinu á árunum 1960-1961, en rafstöð er enn í húsinu árið 2020.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Stílhreint steinsteypt hús með funkísáhrifum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hluti af sögu bæjarins. Var byggt sem rafstöð bæjarins og þjónar enn því hlutverki í dag sem varadíselrafstöð. Einnig er í húsinu íbúð og áður slökkvistöð
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af bæjarmyndinni.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggingin hefur verið klædd.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið haldið vel við
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið tengist menningarsögu bæjarins.

Verndarflokkar:

Byggingarár: 1959 Austurgata 4A Gamla sundlaugin

Fyrsti eigandi: Stykkishólmsbær
Hönnuður: Óskar Sveinsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Þjónusta
Núverandi notkun: Íbúð

Mynd tekin um 1960

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Bára timbur og steinflísar
Þakgerð:	Valmaþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Reykháfur	Einlyft / Glerskáli/Sólstofa / Reykháfur / Útitröppur / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
1979 Búningsherbergi kvenna og afgreiðsla. Grunnflöturinn stækkaði ekki	Jes Einar Þorsteinsson, arkitekt
2003 Sundlaug breytt í íbúðarhús.	Erlar Kristjánsson, verkfræðingur

Saga:

Húsið er byggt sem sundlaug.

Fyrsti eigandi er Stykkishólmshreppur. Laugin var 12,5x6m og staðsetning sundlaugarbyggingarinnar var engin tilviljun. Vatnið í lauginni var kælivatn frá rafstöð bæjarins sem var næsta hús.

Árið 1979 var vinna við stækkun á sundlauginni hafin. Gerð var betri aðsaða fyrir búiningsherbergi og afgreiðslu.

Árið 2003 var sundlauginni breytt í íbúðarhúsnæði.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einfalt steinsteypt hús.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Var byggt sem sundlaug og þjónaði því hlutverki í áratugi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af menningarsögu bæjarins.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Hefur verið breytt frá upprunnalegu útliti og er íbúðarhús í dag.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið var gert upp árið 2003
Varðveislugildi:	Miðlungs	Þrátt fyrir tengingu hússins við sögu bæjarins hefur því verið breytt mikið.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigurður Jónasson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Mynd tekin árið 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Hraunað	Hraunað
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur / Kjallari	Einlyft / Útitröppur / Kjallari

Helstu breytingar:

1960 Bílskúr

Hönnuðir breytinga:

Steinar Guðmundsson

Saga:

Húsið er byggt 1936 fyrir Sigurð Jónasson og Svövu Oddsdóttur.

Húsið er bygg á grunni eldra húss sem brann. Byggingarefnið var flutt úr Skoreyjum og borið af höfninni.

Engar breitingar hafa verið gerðar á húsinu sjálfu, en bílskúr var byggður við húsið árið 1960.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Stílhreint einlyft steinsteypuhús með valmaþaki
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur haldið sínu upprunnalega formi
Tæknilegt ástand:	Lágt	Verið er að gera húsið upp.

Varðveislugildi: Miðlungs

Verndarflokkar:

Byggingarár: 1945 Víkurgata 1 Gunnarsstaðir

Fyrsti eigandi: Gunnar Jónatansson
Hönnuður: Siggeir Ólafsson, smiður
Upphaflegur byggingarstíll: Annað

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Mynd tekin um 1990

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Steining, kvarts og tinna	Bárujárn
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft / Reykháfur / Útitröppur	Tvílyft / Reykháfur / Svalir / Viðbygging

Helstu breytingar:

2007 Viðbygging við norðurenda

Hönnuðir breytinga:

Bæring Bjarnar Jónsson, arkitekt

Saga:

Víkurgata 1 var byggt árið 1945 fyrir Gunnar Jónatansson ræktunarráðunaut og frystihússtjóra hjá KST.

Árið 2007 var húsið stækkað þegar byggt var við norður enda hússins.

Húsið varð síðar læknisbústaður, en Stykkishólmsbær seldi húsið upp úr aldamótum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Tvílyft einfalt steinsteypuhús með funkisáhrifum
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús og á tímabili í eigu Stykkishólmsbæjar og notað sem læknisbústaður
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur hátt og sést vel frá Aðalgötunni
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt hefur verið við húsið og það klætt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Var gert upp árið 2007
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vel við haldið steinsteypuhús

Verndarflokkar:

Byggingarár: 1903 Víkurgata 3 Sívertsenshús

Fyrsti eigandi: Ólöf Hjálmarsdóttir
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Danskir landmælingamenn ca. 1906

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:		
Útveggir:	timbur að hluta járnvarið	Timbur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft / Viðbygging

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
1950 Húsið orðið 11,5x5m. Hæð 2m.	Ebenezer Sívertsen, smiður
1999 Viðbygging. Burðarvirki úr timbri. Þak er plexigler. Veggir krossviður og	Árni Traustason, verkfræðingur
2020 Húsið lengt til suðurs og þaki breytt.	Sigurbjartur Loftsson, byggingatæknifræðingur

Saga:

Víkurgata 3 var byggt árið 1903 fyrir Ólöfu Hjálmarsdóttur ljósmóður.

Ebenezer Sívertsen lengdi húsið 1951 og árið 1999 var byggður sólskáli við húsið.

Árið 2020 var húsið lengt og þaki breytt, til þess að full lofthæð væri í öllu húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Einlyft timburhús með lágu risþaki
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hluti af húsasögu bæjarins í upphafi 20. aldarinnar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af eldri timburhúsabyggðinni í götunni
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur tekið breytingum í gegn um tíðina og m.a. stækkað til suðurs og austurs. Hefur ekkert sérstakt upprunnalegt gildi, en hefur verið gert upp.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið var gert upp árið 2021
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er friðað samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 - varðveisla vegna staðsetningar og aldurs hússins
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti	

Fyrsti eigandi: Guðmundur Júlíus Sigurðsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Danskir landmælingamenn ca. 1906

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:		Brotaþak (mansard)
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:		Steinsteypt
Útlit:	Einlyft / Kjallari	Tvílyft / Inngönguskúr (bíslag) / Kvistir / Svalir / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:

1916 húsið orðið 9x8 álnir kjallari undir öllu húsinu skúrinn 5x4 álnir

1922 Stækkað 1919. 8,35x6m. 5 herb eldh, gangur. Útihús 6,95x5,3m vegghæð

1955 Byggt ofan á húsið

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Víkurgata 5 er byggð árið 1905 fyrir Guðmundur Júlíus Sigurðsson þurrabúðarmann.

Árin 1916 og 1922 var húsið stækkað og árið 1955 byggðu þau Sigurður Sveinbjörnsson og Þorbjörg Lilja Jóhannsdóttir ofan á húsið.

Húsið hefur verið í eigu fjölskyldu þeirra Sigurðar og Þorbjargar Lilju síðan.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Einföld timburhúsagerð með brotaþaki
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Upphaflega var húsið einlyft með kjallara síðan stækkað og árið 1955 var því lyft upp á tvær hæðir
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Stendur eitt og sér og er áberandi í umhverfinu séð frá Skúlagötu. Má teljast hluti af eldri húsum við Víkurgötu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Hefur tapað upprunalegu gildi vegna breytinga á stærð og lögun
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi
Varðveislugildi:	Miðlungs	Miðlungs varðveislugildi sem hluti af eldri byggð.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti	

Fyrsti eigandi: Ólafur Thorlacius
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Danskir landmælingamenn ca. 1906

Mynd tekin 2020

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Burður er timburstoðir	Burður er timburstoðir
Útveggir:	Timbur	Ál
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Litað skífujárn
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Tvílyft / Kvistir / Ris / Viðbygging / Kjallari

Helstu breytingar:

1945 Norðurendinn byggður. Húsið orðið 11x5,15. vegghæð 2,17 ris 1,20

1948 Ásgarður II endurbyggt 1948-1950. Húsið var 5x5m. að grunnfleti

1948 Húsinu skipt upp í tvær eingnir, Ásgarður I og II

1949 Ásgarður 1 endurbyggður 1949-1951. Húsið var 11,2x6,3m. að grunnfleti

1962 Byggt ofan á suðurhluta hússins

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið er byggt af Ólafi Thorlacius árið 1905. Á lóðinni hafði staðið búnaður til veðurathugana og sá Ólafur um skráningu á veðri fyrir föður sinn, Árna, sem hóf veðurathuganir í Stykkishólmi.

Í gegnum tíðina hefur húsið tekið þó nokkrum breytingum.

Árið 1945 lengdi Þorsteinn Ólafsson húsið til norðurs og árið 1949 skipti hann því upp í tvær eignir og Björgvin Þorsteinsson, sonur hanns flutti með fjölskyldu sína í annan hlutann..

Ásgarður II var endurbyggður 1948-1950 og Ásgarður I á árunum 1949-1951.

Upp úr 1960 byggði Björgvin Þorsteinsson efri hæða á sinn hluta hússins og í þeim hluta voru 3 herbergi, gangur og geymsla.

Árið 2003 stækkaði Sigurður Páll Jónson kvist á norðurhlið hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Einlyft timburhús með risi og kvisti
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Kemur við sögu fyrstu veðurathuganna á Íslandi
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af eldri götumynd víkurgötu
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur tapað sínum upprunnalegu gildum sem einlyft lagreist timburhús.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið hefur fengið eðlilegt viðhald.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hluti af ásýnd Víkurgötu

Verndarflokkar: